

Fundargerð 145. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 8. desember 2023

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 10:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Sæunn Stefánsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri og Jón Knútur Ásmundsson sem ritaði fundargerð. Valdís Vaka Kristjánsdóttir, verkefnastjóri fjármála, var viðstödd lið 2.

Formaður stjórnar setti fund rétt rúmlega 10.

1. Fundargerð stjórnarfundar [nr. 144](#) til kynningar

2. Kynning á drögum að fjárhagsáætlun Austurbrúar

Verkefnastjóri fjármála hjá Austurbrú kynnti fjárhagsáætlun fyrir 2024 og var til svara ásamt framkvæmdastjóra. Drögin borin undir stjórn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Verkefnastjóri kynnti jafnframt úrskurð yfirséð vegna kærur Austurbrúar á niðurstöðu ríkisskattstjóra á höfnun á endurgreiðslu virðisaukaskatts frá árinu 2021. Niðurstaðan var sú að Austurbrú á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts.

3. Undirritun viljayfirlýsingar Hallormsstaðaskóla og Háskóla Íslands

RS og SS kynntu verkefnið og fóru yfir næstu skref. SS yfirgaf fund að lokinni kynningu kl. 10:30.

4. Kynning á drögum að starfsáætlun Austurbrúar fyrir 2024

Framkvæmdastjóri fór yfir drögin og kynnti áherslur Austurbrúar á næsta ári. Drögin verða fullbúin í janúar.

5. Helstu verkefni Austurbrúar

Framkvæmdastjóri Austurbrúar fór yfir helstu verkefni stofnunarinnar síðustu vikur og svaraði spurningum stjórnar. Almennar umræður og eftirfarandi verkefni Austurbrúar kynnt:

- [Eygló](#) – staða ráðningarferlis. Eva Mjöll Júlíusdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri og kemur til starfa í febrúar.
- [Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði](#)
- Fjárlagafrumvarp - aukning til atv.ráðgjafar og sóknaráætlunar
- [Matarmót](#) – vel heppnað og mikil þátttaka
- [Fundur um atvinnuuppbyggingu og þróun íbúðamarkaðar á Austurlandi](#)
- [Skriðuklaustur hlaut viðurkenningu](#)
- [Samningar um fræðsluáætlanir hjá HSA](#) og Síldarvinnslunni
- [Lísa](#)
- Fundur með umhverfis- og skipulagsnefnd vegna breytinga á [flutningsjöfunarsjóði](#)
- Efling Egilsstaðaflugvallar - samskipti við Flugþróunarsjóð og Íslandsstofu

6. Fundardagskrá 2024

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að fundartímum stjórnar vor og sumar 2024. Umræður um tillöguna en fullbúin áætlun verður send stjórnarmönnum fyrir næsta stjórnarfund.

7. Framundan hjá Austurbrú

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi um vaxtartækifæri í ferðaþjónustu á vegum Íslandsstofu og frá ferðakaupstefnunni Mannamót sem fer fram 18. janúar í Kópavogi.

8. Skipan í stjórn Gunnarsstofnunar

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og vinnur málið áfram.

Fundi slitið kl. 11:20

Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Sæunn Stefánsdóttir

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir